

171 megi veita samkvæmt 5. gr., enda verði raforkumálum héraðsins þá komið svo langt 22. ágúst áleiðis, sem ráð er gert fyrir í 3. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sýslumaður Dalasýslu og tveir afkomendur stofnenda sjóðsins. Skulu þeir vera kosnir af styrktarmönnum hans, ef þeir óska þess, en ella vera skipaðir af sýslumanni Dalasýslu. Þó skal Halldór Guðmundsson vera sjálfkjörinn í stjórnina á meðan hans nýtur við.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, gjafir til sjóðsins, umsóknir um styrki, styrkveitingar, fundarsamþykktir og annað, sem varðar rekstur og hag sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega með reikningum sýslusjóðs Dalasýslu.

9. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggu lánsstofnunum, í bankavaxtabréfum eða á annan öruggan hátt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Magnússkógum, í desember 1949.

Halldór Guðmundsson.

172

23. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 frá 1950, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 100.00.

2. gr.

Reglugerðin öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.